

52

30. apríl

16. gr.

Sannist það á einhvern, að styrknum sje varið í verulegum atriðum gagnstætt fyrirmælum skipulagsskrár þessarar, missir sá hinn sami rjett til styrksins framvegis.

Hið sama gildir um þann, er kynni að vilja selja þá jörð, er hann hefir fengið styrk til að kaupa.

Styrkveitingin fer fram árlega í lok septembermánaðar.

17. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins og endurskoðendur fá enga þóknun fyrir starfa sinn.

53

2. maí

S A M Þ Y K T

um

sýsluvegasjóð Gullbringusýslu.

1. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. *Selskarðsvegur*, frá Engidal innan við Hafnarfjarðarhraun að Selskarði yfir Lamhúsagranda að Bessastaðahliði.
2. *Garðavegur*, frá Balahrauni, eða frá mörkum Hafnarfjarðarlands, yfir Garðaholt á Selskarðsveginn.
3. *Grindavíkurvegur*, frá vegamótum þjóðvegarins á Vogastapa, yfir Grindavíkurheiði að Járngerðarstöðum í Grindavík.
4. *Hafnavegur*, frá vegamótum þjóðvegarins á Njarðvíkurfitjum yfir Hafnaheiði að Kirkjuvogi í Höfnum.
5. *Gerða- og Sandgerðisvegur*, frá Keflavík fram hjá Garði til Sandgerðis.

2. gr.

Allur kostnaður við lagningu sýsluvega, svo og við umbætur þeirra og viðhald greiðist úr sýsluvegasjóði.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum í sýslu.

unni, að undanskildum húsum, sem talin eru í 6. gr. nefndra laga. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaupúnum. Allir hreppar sýslunnar taka hlutfallslega þátt í vegaskattinum. 53
2. maí

4. gr.

Sýslunefndin ákveður á aðalfundi sínum ár hvert, hve hár vegaskatturinn skuli vera fyrir það yfirstandandi ár, en hann skal vera minst $1\frac{1}{2}$ af þúsundi af virðingarverði allra skattskyldra fasteigna í sýslunni samkvæmt fasteignamati, en má eigi, án samþykkis atvinnuáráðherra, vera hærri en 6 af þúsundi fyrir hvert ár í senn.

5. gr.

Skatturinn miðast við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, svo og við árlegar afborganir og vexti af lánum, er tekin hafa verið undanfarin ár til vegabóta eingöngu, með samþykki stjórnarráðsins.

6. gr.

Verði eitthvað af kaupúnum sýslunnar talið hreppsfljag út af fyrir sig, skal hálfur vegaskattur þess renna í sveitarsjóð samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga um samþykktir um sýsluvegasjóði.

7. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sama sýslufundi og sýslusjóðsreikningurinn, en sýslunefnd semur áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 200 krónum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1925 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. maí 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.